



T-603-AKVA

ÁKVARÐANATÖKUÆÐFERÐIR

6 ECTS

Ár:	3. ár.
Önn:	Haustönn.
Stig námskeiðs:	3. Grunnám, sérhæft námskeið.
Tegund námskeiðs:	Valnámskeið.
Nauðsynlegir undanfarar:	Tölfræði I (T-302-TOLF).
Skipulag:	Kennt í 12 vikur - 6 kennslustundir á viku.
Umsjónarkennari:	Þórður Víkingur Friðgeirsson.
Kennari:	Þórður Víkingur Friðgeirsson.

Lærdómsviðmið:

Yfirmarkmið:

Helsta markmið námskeiðsins er að gera þá nemendur sem hyggjast leggja fyrir sig stjórnun betur færa um að standa sig vel í því hlutverki. Gildi þess að taka áhættu og óvissu með í reikninginn við ákvarðanir sínar er ótvírætt. Helstu kennslumarkmið: Kenna nemendum beitingu tölfræðilegra aðferða við ákvörðunartöku og áhættugreiningar. Kynna fyrir nemendum hvernig ofmat/vanmat á mannlegum þáttum skiptir máli við ákvörðunartöku. Kenna nemendum helstu aðferðir ákvörðunargreininga. Kenna nemendum að byggja upp líkön til að styðja ákvörðunartökuna.

Þekking: Eftir námskeiðið hefur nemandinn þekkingu til að beita helstu verkfærum ákvörðunarfræða s.s. áhrifaritum, Monte Carlo hermun, ákvörðunartré, afraksturstöflum, hópvinnettækni, Delphi könnunum os,frv,

Færni: Eftir námskeiðið getur nemandinn stillt upp ferli til að taka ákvörðun sem byggir á bestu fáanlegum upplýsingum s.s. með þróun ákvörðunarlíkana.

Persónuleg færni: Eftir námskeiðið er nemandinn fær um að vinna með teyrum í anda nútíma kenninga um leiðtogafærni til að komast að óbjagaðri niðurstöðu um ákvörðunartengt vandamál.

Hæfni: Nemandinn er hæfur til að hugsa á gagnrýninn hátt um ákvarðanir og hanna leið til að finna bestu mögulegu lausn.

Lýsing: Markmið áhættustjórnunar er ekki að útrýma áhættu enda er það ekki hægt. Áhættuna má á hinn bóginn skilgreina og meta til líkinda og verðs. Flókna og margslungna ákvörðun má brjóta upp í þætti og einfalda uns ljóst er í hvaða átt helstu rök hníga. Um langa hríð hefur hér á landi hver umdeilda ákvörðunin rekið aðra. Hefðu sumar þeirra ákvarðana reynst betur hefðu þær stuðst við þær aðferðir sem greint er frá í þessu námskeiði? Svarið er já. Líkindareikningur og normaldreifingin eru grundvallaratriði og tungumál áhættustjórnunar upp að vissu marki. Líkindareikningur segir okkur til dæmis hvernig á að meta það sem á eftir að gerast á grundvelli þess sem liðið er og tölfræðileg staðalfrávik eru notuð til að stærðarmeta áhættuna. Einnig munum við velta fyrir okkur hvernig þættir í eðli okkar geta mótað afstöðu okkar og þjagað ákvarðanir sem við tökum.

Lesefni:	Goodwin & Wright, <i>Decision Analysis for Management Judgment (5ed)</i> .
Kennsluaðferðir:	Fyrirlestrar, dæmatímar og reynsludæmi (case studies).
Námsmat:	Tilkynnt síðar.
Tungumál:	Enska.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluaðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.